

Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands

Ársfundur 15. febrúar 2008

Már Jónsson forstöðumaður

Starfsskýrsla um árið 2007
lögð fram á ársfundi 15. febrúar 2008

Stjórn og starfsmenn

Ársfundur Sagnfræðistofnunar 2007 var haldinn 16. febrúar. Engar breytingar voru gerðar á stjórn, sem hélt þrjá fundi á árinu en réð ráðum sínum þess á milli í tölvupósti og óformlegum samræðum. Aðild Sagnfræðistofnunar að Hugvísindastofnun er óbreytt og situr forstöðumaður stjórnarfundis þar. Hugvísindastofnun veitti Sagnfræðistofnun kr. 900 þúsund af fjárveitingu sinni, en sú upphæð nam einni milljón árið 2006. Við bættust kr. 1.781.262 sem mótfamlag vegna utanaðkomandi styrkja (en voru kr. 563.605 árið 2006). Heildarhlutur stofnunarinnar fyrir árið 2007 var því kr. 2.681.262 (en voru kr. 1.563.605 árið 2006). Fjárhagur Sagnfræðistofnunar stendur því traustum fótum.

Sala ljósrita til sagnfræðinema fór fram í Guðnastofu í Árnagarði fyrri hluta ársins, en var síðan lögð niður, hallalaus. Um ljósritun námsefnis til kennslu og sölu sáu Kristbjörn H. Björnsson og Andri Steinn Snæbjörnsson. Sagnfræðinemar sem standa að útgáfu *Sagna* hafa aðstoðu í Guðnastofu og aðgang að síma ásamt tengingu við netið. Framkvæmdastjóri Norræna sagnfræðingafingsins í Reykjavík 2007, Einar Hreinsson, hafði starfsaðstoðu í stofunni fram að þinginu. Nú þegar ljósritun er lokið er við hæfi að endurskilgreina hlutverk Guðnastofu og er sérstakur liður þar að lútandi á dagskrá þessa ársfundar.

Vefsíðan *Söguslóðir* var í umsjá Guðmundar Jónssonar, sem fyrr, en Jóhann Hjalti Þorsteinsson og Pálmi Gautur Sverrisson önnuðust daglega umsýslu.

Verkefni á vegum stofnunarinnar

Miðstöð munnlegrar sögu var opnuð við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhöllu 26. janúar 2007. Í tilefni af því afhenti forstöðumaður miðstöðinni hljóðsnældur (kasettur) með safni viðtala sem tekin voru árin 1974-1975. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn miðstöðvarinnar og er jafnframt formaður hennar. Eitt meginviðfangsefni miðstöðvarinnar er að safna munnlegum heimildum og hafa einstaklingar og stofnanir látið henni efni í té, auk þess sem safnast hefur efni í samstarfi við aðra aðila. Fyrsta söfnunarverkefni miðstöðvarinnar hófst í haust og kallast *Minningar úr kvennabaráttunni 1965-1980*. Miðstöðin hefur haldið tvær ráðstefnur á árinu og tvö námskeið um munnlega sögu og aðferðir hennar. Miðstöðin veitir einstaklingum (þar á meðal sagnfræðinimum), hópum og söfnum aðstoð við undirbúning og framkvæmd verkefna.

Vinna við sögu íslenskrar utanlandsverslunar, frá landnámi til loka 20. aldar, er á lokastigi. Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur stjórnar, sem fyrr, vinnu við frágang texta en Gísli Helgason sagnfræðingur hefur verið ráðinn til að annast myndavinnu.

Rannóknum við Reykholtswerkefnið lauk á árinu. Uppgrefti bæjarstæðis lauk sumarið 2002. Árið eftir hófst uppgröftur kirkjustæðis og lauk í sumar sem leið. Þá var haldið áfram rannsókn seljastæða og verður hún nú gerð að sjálfstæðu verkefni. Umfjöllun um Reykholt sem valdamiðstöð á Þriðja íslenska söguþinginu birtist á prenti á árinu. Rannsóknnum um Reykholt sem miðstöð bókmennningar er lokið og tvær bækur eru í undirbúningi. Hafinn er undirbúningur lokarits um meginniðurstöður rannsóknanna í heild.

Norrænt sagnfræðingapíng

Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga, sem Sagnfræðistofnun er í forystu fyrir, stóð að 26. þingi norrænna sagnfræðinga í Reykjavík dagana 8.-12. ágúst. Einar Hreinsson var framkvæmdastjóri þingsins og Halldór Bjarnason aðstoðarframkvæmdastjóri síðustu vikunnar. Á þingið komu um 350 manns, málstofur voru yfir 50 og fyrirlesarar og aðrir þátttakendur um 200. Lesa má stutta greinargerð um þingið í hausthefti tímaritsins *Sögu* í fyrra.

Bókasafn

Vefsíðan *Söguslóðir* hefur gefið bókaútfendum kost á að senda stofnuninni nýjar bækur sem verði kynntar á vefsíðunni. Bækurnar renna síðan inn í bókasafn stofnunarinnar. Fáeinir útfendur hafa notað sér þetta tilboð. Ekki er pláss fyrir margar bækur til viðbótar í Guðnastofu en aldraðri fartölvu Sagnfræðistofnunar hefur nú verið komið fyrir í stofnunni og hægt er að leita bóka í excel-skjali.

Bókaútgáfa

Útgáfustarf var með nokkuð líflegu móti. Sem nítjándi bindi í Sagnfræðirannsóknnum kom út bókin *Við brún nýs dags. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906-1930* eftir Þorleif Friðriksson í ritstjórn Gunnars Karlssonar. Í Ritsafni Sagnfræðistofnunar komu út þrjár bækur sem tengdust þingi norrænna sagnfræðinga sem getið er hér að ofan. Bækurnar eru:

Vänner, patroner och klienter i Norden 900-1800. Ritstjórar Lars Hermanson, Thomas Småberg, Jón Viðar Sigurðsson og Jakob Danneskiöld-Samsøe.

Kvinnor och politik i det tidigmoderna Norden. Ritstjóri Ása Karlsson Sjögren.

Encountering foreign worlds – experiences at home and abroad. Ritstjórar Christina Folke Ax, Anne Folke Henningsen, Niklas Thode Jensen, Leila Koivunen og Taina Syrjämaa.

Umsjón með útgáfunni hafði Halldór Bjarnason en ritstjóri ritraðarinnar er Guðmundur Jónsson.

Þá var gefin út meistaraprófsritgerð Írisar Ellenberger, *Íslandskvikmyndir 1916-1966. Ímyndir, sjálfsmynd og vald.* Valur Freyr Steinarsson sagnfræðingur annaðist útgáfuna. Vonir standa til að ein ritgerð komi út á ári.

Einnig tók Sagnfræðistofnun þátt í útgáfu á erindum frá Þriðja íslenska söguþinginu árið 2006, og ritstýrðu Benedikt Eyþórsson og Hrafnkell Lárusson þeirri bók.

Sigríður Björnsdóttir gegndi starfi framkvæmdastjóra hjá Háskólaútgáfu fram á haus og gekk vel að fá upplýsingar um lagerstöðu allra útgáfubóka stofnunarinnar. Eldri númerum var lokað og bækurnar fluttar í Guðnastofu. Mikið er af óseldum bókum og verður nú reynt að minnka lagerinn, án þess þó að farga bókum.

Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar

Árlegan minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar hélt enski sagnfræðingurinn William Gervase Clarence Smith 10. nóvember undir heitinu „The fall and rise of global history.“ Clarence Smith er prófessor í hagsögu Afríku og Asíu við School of Oriental and African Studies í Lundúnum. Daginn áður hélt hann málstofu á vegum Sagnfræðistofnunar og fjallaði um hugtakið *commodity chains* eða ferli afurða frá tilurð til neyslu. Aðsókn var ekki nógu góð og hugsanlega er æskilegt að breyta fyrirkomulaginu eitthvað. Til tals hefur komið að Sagnfræðistofnun kosti opunarfyrirlesara norræns kvenna- og kynjasöguþings í Reykjavík í ágúst næstkomandi, sem verður Ida Blom prófessor emeritus við Háskólann í Bergen. Ekkert hefur þó verið ákveðið. Þá yrði svipaður háttur hafður á og árið 2006, þegar Liz Taylor kom í boði Sagnfræðistofnunar á Þriðja íslenska söguþingið.

Í samstarfi við Sagnfræðingafélagið stóð Sagnfræðistofnun að tveimur erindum, sem voru vel sótt. Magnús Þorkell Bernharðsson talaði í Odda 1. mars um ástandið í Írak og nýlega umfjöllun sagnfræðinga. Andrew Welch talaði í Þjóðminjasafni átta dögum síðar um þorskastríð Bretá og Íslendinga árin 1958-1976.

Rannsóknir

Mesta og helsta starf Sagnfræðistofnunar eru rannsóknir þeirra sem vinna við hana. Frá rannsóknum einstaklinga er aðeins sagt lauslega hér:

Anna Agnarsdóttir starfaði í ClioHres network of excellence. Hún vann við *Verzlunarsögu Íslands* fyrir Sagnfræðistofnun og *Sögu Íslands IX*. bindi fyrir Hið íslenska bókmenntafélag. Hún hélt fyrirlestra í Montpellier og University College Dublin (keynote), auk fyrirlestra á Íslandi.

Eggert Þór Bernharðsson vann einkum að tveimur rannsóknaverkefnum: a) *Sagan til fólksins. Margmiðlun og sagnfræði*. Kannaðir eru margvíslegir kostir á miðlun sögulegs efnis og mismunandi framsetningu eftir miðlum. Fjallað er um samspil ólíkra miðla og mögulega samtunnun efnis í margmiðlun. b) *Mótun dægurtónlistar á Íslandi 1940–1963*. Hugað er að þróun dægurtónlistar frá hernámi Íslands fram að svokölluðu „bítlaæði“ erlendra tónlistar á þessu tímarskeiði og þar með öflugra erlendra menningaráhrifa á Íslandi.

Gavin Lucas stýrði uppgrefti í Skálholti, sem nú er lokið, og grein um verkefnið birtist í *Árnesingi*. Einnig birti hann grein um uppgröftinn að Hofstöðum í *Árbók* hins íslenska fornleifafélags og aðra um

landnámsselið Pálstóftir í Múlaþing, auk fleiri greina um fornleifafræði almennt í erlendum tímaritum og greinasöfnum.

Gísli Gunnarsson gekk frá sínum hluta í í verslunarsögu Íslands frá landnámi til ársins 2000, birti greinina „Við þurfum heildrænar sögurannsóknir sem byggja á rökhyggju” í ráðstefnuriti þriðja íslenska sögubingsins og flutti fyrirlesturinn „Íslands monopolhandel til 1787 – nye perspektiver” á vegum Saxo-Instituttet, historisk afdeling, Københavns Universitet.

Guðmundur Hálfðanarson er annar aðalstjórnandi öndvegisnetsins CLIOHRES sem styrkt er af 6. rammaáætlun ESB. Innan verkefnisins starfa 180 fræðimenn og doktorsnemar í 45 evrópskum háskólum. Að auki situr hann í stjórnarnefnd NHIST (Representations of the Past: The Writing of National Histories in Europe), sem er evrópskt rannsókarverkefni styrkt af European Science Foundation. Á árinu birti hann tvær greinar um sinnhvorn Fjölnismanninn, þ.e. um Jónas Hallgrímsson í *Skírni* og Tómas Sæmundsson í *Sögu*, auk nokkurra greina í ráðstefnuritum og greinasöfnum. Hann situr í ritstjórn þriggja ritraða innan CLIOHRES, en þar komu út sjö bækur á árinu, og situr í ritstjórn *Scandinavian Journal of History*.

Guðmundur Jónsson skipulagði málstofu á norræna sagnfræðingáþinginu í ágúst um utanríkisverslun í kreppunni miklu. Í rannsóknarleyfi í Oxford á haustmisseri vann hann að verslunarsögu 20. aldar og flutti erindi um sjávarútveg Íslendinga og Norðmanna í kreppunni miklu á ráðstefnu í Bergen. Guðmundur vann sem stjórnarformaður Miðstöðvar munnlegrar sögu að uppbyggingu starfseminnar, en meðal verkefna miðstöðvarinnar voru tvær ráðstefnur, námskeið og rannsóknar- og söfnunarsamstarf við nokkra aðila. Guðmundur tekur þátt í norrænu öndvegisverkefni sem nefnist *The Nordic welfare state – historical foundations and future challenges*.

Gunnar Karlsson vann eins og fyrr mest að yfirlitsritun um sögu Íslendinga. Hann lauk við og bjó til útgáfu *Inngang að miðöldum, handbók í íslenskri miðaldasögu I*, og er tekinn til við framhald þess verks. Hann skrifaði handrit að kafla um almenna Íslandssögu 1830–74 til birtingar í *Sögu Íslands*. Til að leggja grundvöll að því riti skrifaði hann og gaf út hjá Hafrannsóknastofnun (Fjölrit nr. 135) heftið *Afla og sjósókn Íslendinga frá 17. öld til 20. aldar*. Samhliða þessu grípur hann í fjarskyld verkefni: Á árinu birtist eftir hann í *Skírni* grein um tilviljanir í fornum fræðum, unnin upp úr fyrirlestri á Hugvísindáþingi árið áður, og önnur í *Tímariti Máls og menningar* um túlkun á ljóði eftir séra Björn Halldórsson í Laufási. Á árinu hélt hann átta fræðileg erindi á ráðstefnum og hyggst gefa efni einhverra þeirra út.

Halldór Bjarnason vann að sínum hluta í verslunarsöguritverki Sagnfræðistofnunar framan af árinu og birti grein um kaupstaðarverslun í ráðstefnuriti þriðja íslenska sögubingsins. Einnig birti hann grein um sögu íslenskrar sagnfræði síðustu 40 ára í sama riti og flutti erindi um efnið á fimmtíu ára afmælisráðstefnu hag- og félagssögudeildarinnar við Glasgoháskóla um haustið. Þá skrifaði hann ritfregn í *Sögu* um ritgerðasafn um sögulega þjóðhagsreikninga og tók þátt í málstofu um landfræðilegan og félagslegan hreyfanleika á norræna sagnfræðingáþinginu. Halldór var meðritstjóri (executive editor) þriggja ráðstefnurita sem komu út fyrir þingið.

Helgi Þorláksson lauk fæðardeiluverkefni, sem sagt var frá á síðasta ári, með útgáfu tveggja greina á erlendum málum. Hann er í stjórn tveggja verkefna sem Sagnfræðistofnun stendur að, það er *Sögu íslenskrar utanlandsverslunar frá landnámi til loka 20. aldar* og *Reykholtswerkefninu*. Lokaáfangar beggja verkefna eru hafnir. Helgi tekur nú þátt í tveimur nýjum verkefnum, öðru um seljabúskap Reykholtstaðar og hinu sem nefnist *The Norse Kingdom*.

Ingi Sigurðsson vann að rannsóknum á hugmynda- og menningartengslum Íslendinga og Norðmanna frá 18. öld fram til síðari heimsstyrjaldar, upplýsingunni á Íslandi og fræðsluefni og umfjöllun um fræðslumál í handskrifuðum borgfirzrum blöðum.

Kristjana Kristinsdóttir stendur að samstarfsverkefni með Dönum, Færeyingum og Grænendingum um rannsókn á stjórnsýslusögu í hjálendum Dana og útgáfu rits um hana. Á árinu kom út í Danmörku ritið *Nordatlanten og troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolonierne* sem fjallar um skjalagerð. Einnig vinnur hún að rannsókn á stjórnsýslusögu og skjalagerð á 16. og 17. öld og hélt fyrirlestur á Hugvísindapingi um lénsmenn og fógeta þeirra.

Már Jónsson vann áfram að útgáfu prestastefnudóma Skálholtsbiskupa og hyggst ljúka því verkefni með útgáfu á dómum Þórðar biskups Þorlákssonar árin 1675-1697. Hann birti grein í *Borgfirðingabók* um hreppsþing úr Reykholtssdal frá 17. öld, þá elstu sinnar tegundar, og hélt erindi um réttarsögu, handritagerð og Árna Magnússon á ráðstefnum í Reykjavík, Noregi, Svíþjóð, Spáni og Búlgaríu.

Orri Vésteinsson hélt meðal annars áfram rannsóknum sínum á sögu íslenska sóknakerfisins og landnámi. Hann stjórnaði minniháttar uppgröftum á nokkrum stöðum í Mývatnssveit, vann að úrvinnslu rannsókna í Sveigakoti og gerði fornleifaskráningu í Grímsey. Hann flutti fyrirlestra um kirkjuna á Gásum og landnám í Mývatnssveit á alþjóðlegum ráðstefnum og birti grein um hof í *Sögu* og bókarkafla um byggðaskipan á Íslandi í bókinni *People and Space in the Middle ages*.

Ragnheiður Kristjánsdóttir lauk við ritun síðustu kaflanna í doktorsritgerð sinni um þjóðerni og íslensk verkalýðsstjórnarmál á árunum 1901–1944. Að auki hóf hún þátttöku í rannsóknarverkefni um sögu þingræðis á Íslandi. Þá ritstýrði hún ásamt Erlu Huldu Halldórsdóttur bók Kristínar Jónsdóttur *Hlustaðu á þína innri rödd* sem fjallar um Kvennaframboð og Kvennalista í Reykjavík. Bókin kom út í smáritaröð Sögufélags.

Steinunn Kristjánsdóttir hélt áfram rannsóknum á miðaldaklaustrinu að Skriðu í Fljótsdal, auk þess að stjórna uppgræfti á rústum þess. Grein um rannsóknina birtist í ráðstefnuriti þriðja íslenska söguþingsins. Steinunn skrifaði grein um kristnitökuna í *Sögu*, gaf út safnvísi fyrir Minjasafn Austurlands og er ritstjóri ritraðarinnar *Skýrslur Þjóðminjasafns*.

Sveinbjörn Rafnsson hefur árinu unnið að rannsóknum á fornri sagnritun frá miðöldum. Ennfremur birtust eftir hann meira en tveir tugir bókfræðilegra greina um íslenskar miðaldaheimildir í hinu alþjóðlega yfirlitsriti *Repertorium fontium historiae medii aevi*, vol. XI/1-3, sem gefið er út í Róm. Þá flutti hann fræðilega fyrirlestra á íslensku og dönsku um 19. aldar sögu, og sænsku og ensku

um forna sagnaritun, ýmist á fræðapringum eða í boði erlendra fræðastofnana í Reykjavík, Kaupmannahöfn og Róm.

Valur Ingimundarson stundaði m.a. rannsóknir á íslenskum utanríkismálum eftir brottför Bandaríkjahers, samskiptum Íslands við Evrópu í stjórnámálum og öryggismálum, norðurslóðapólitík og stefnu Íslands, stjórn málaþróun á Balkanskaga og stríðsglæpum í seinni heimsstyrjöld og á 10. áratug 20. aldar. Auk þess hélt hann fyrirlestra um þessi efni á ráðstefnum í New York, Potsdam og Tromsø og Reykjavík. Hann birti m.a. grein í tímaritinu *History & Memory* um stjórn mál minninga og þjóðarímyndir í Kosovo, grein um áhrif brotthvarfs Bandaríkjahers á íslenska utanríkisstefnu í The Fletcher Forum of World Affairs, kafla um stjórn mála og menningarsamskipti við Austur-Þýskaland í bókinni *Nordeuropa und die beiden deutschen Staaten 1949-1989*; og kafla um tengsl Íslands og Evrópu í öryggismálum í bókinni *Ný staða í íslenskum utanríkismálum: Tengsl við önnur Evrópulönd*.

Þór Whitehead vann áfram við fimmta bindið í ritverkinu *Ísland í síðari heimsstyrjöld* og skrifaði jafnframt ritgerðina *Iceland and the Struggle for the North Atlantic 1939-1945*, sem Flugmálafélag Íslands gaf út í tilefni af afhjúpun minnisvarða um flugmenn Bandamanna á Íslandi sl. sumar. Einnig vann hann að handriti að heimildarkvikmynd, *Árásin á Goðafoss*, í samstarfi við Jón Ársæl Þórðarson og Björn Br. Björnsson kvikmyndaframleiðanda og leikstjóra.

Fjárhagur

Yfirlit um fjárhag ársins 2007 er lagt fram á fundinum ásamt ársskýrslunni. Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hugvísindastofnun, hefur umsjón með fjárreiðum Sagnfræðistofnunar og gerir það með miklum ágætum. Kostnaður sem Sagnfræðistofnun lagði í vegna Norræna sagnfræðingabingsins fékkst að mestu endurgreiddur í formi norrænna og íslenskra styrkja. Á móti því sem eftir stendur koma mótframlög á næsta ári, en verði tap að því loknu stendur stofnunin undir því á næstu árum í þágu fagsins. Stofnunin er ekki stórskuldug vegna bókaútgáfu, þótt umsvif hafi verið allnokkur á síðasta ári, og getur ótrauð haldið þeim þætti starfsins áfram þótt ekki ráði hún að borga mikið með hverri bók, eins og iðulega gerðist á fyrri árum.